

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

29. nóvember 2013

Ágætu foreldrar/forráðamenn, «Nemandi_Nafn».

Af viðburðum síðustu vikna ber helst að nefna að Sólgarðadagurinn fór vel fram, þar sem meðal annars þau feðginin Dagný og Stefán frá Laugamýri, kenndu nemendum sitt lítið af hverju í táknmáli. Nemendur 9. bekkjar héldu í gær kaffihús í Höfðaborg og stóðu þau sig með stakri prýði, mætingin á kaffihúsið var mjög góð.

Jólaról.

Við látum hér fylgja nokkrar dagsetningar á jólaundirbúningi hjá okkur.

Skólinn skreyttur 2. desember

Mánudaginn 2. desember eftir hádegi munu nemendur skólans skreyta skólastofurnar sínar og skólann.

Jólavakan 12. desember

Jólavaka Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi verður haldin fimmtudaginn 12. desember í félagsheimilinu Höfðaborg kl. 20:30. Þar geta allir upplifað notalega jólastemningu, þar sem fram koma nemendur úr grunnskólanum. Einnig fáum við að hlusta á notalega tóna frá hjónunum söngelsku Hjalta Jónssyni og Láru Sóleyju Jóhannesdóttur, sem voru að gefa út plötu fyrir jólin. Ræðumaður kvöldsins verður svo Sr. Solveig Lára vígslubiskup á Hólum.

Jólaföndur 18. desember

Miðvikudaginn 18. desember verður grunn- og leikskólinn með jólaföndur fyrir hádegi í Grunnskólanum á Hofsósi, eru foreldrar hvattir til að fylgja börnunum sínum í jólaföndrið. Eftir hádegi verður hefðbundinn skóli hjá nemendum grunnskólans.

Litlu jólin 20. desember

Föstudaginn 20. desember verða litlu jólin haldin í Grunnskólanum á Hofsósi, kl. 10:00 – 12:00. Eru þau með því fyrirkomulagi að nemendur eru ca. klukkustund með umsjónarkennara sínum í kennslustofunni, að því loknu verður haldið niður í Höfðaborg og dansað í kringum jólatréið

Jólafrí 21. desember

Jólafríið stendur yfr frá 21. desember til 5. janúar og skólastarf hefst svo að nýju 6. janúar kl. 10:30.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi